



Ályktun

Börn með fjölþættan vanda

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), haldinn miðvikudaginn 1. júlí 2026, tekur heilshugar undir yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. júní 2026 þar sem harðlega er gagnrýnd reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins um þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Fundurinn telur óásættanlegt að ráðuneytið setji reglugerð sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölþættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða breytt forsendum samkomulagsins, þrengt skilgreiningu þess hóps barna sem fellur undir ábyrgð ríkisins og velt auknum kostnaði og ábyrgð yfir á sveitarfélög án samráðs eða samkomulags.

Slík vinnubrögð grafa undan trausti í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og eru ekki samrýmanleg þeim samstarfsanda sem samningar milli aðila eiga að byggjast á. Gerðir samningar skulu standa og verða ekki endurskilgreindir einhliða með reglugerðarsetningu.

Aðalfundur SSV skorar því á mennta- og barnamálaráðuneytið að draga reglugerðina til baka eða endurskoða hana þannig að hún verði að fullu í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025. Jafnframt er þess krafist að ríkið virði gerða samninga og axli þá ábyrgð sem það skuldbatt sig til með samkomulaginu.

Borgarnesi 01.07 2026.